

(daimon) mannsins og til grísku hetju dýrkunarinnar. Petta var trú á guðdómlegt afl, sem birtist í manninum; en það er athugunarvert, að það var afleiðing en ekki orsök trúarinnar á guðdómlegt afl. Hinn fyrsti mikli maður í hinum grísku heimi, sem var viðurkendur sem guðdómlegur, var Alexander mikli. Eftirmenn hans nutu sömu upphefðar; Ptólómeus fyrsti á Egyptalandi var tekinn í guðatölu eftir dauðann; og með tímanum fylgdi eðlilega upptaka Kómverjakeisaranna í guðatölu. Í samræmi við þessa trú var persónan, sem hið guðlega afl birtist í, nefnd frelsari (sóter) og birting hins guðlega kraftar í henni brein opinberun, jafnvel fyrir daga kristninnar. Ein stefnan, sem kristindómurinn átti að fylgja, eða öllu heldur fylgdi, var þannig undir búin; heimurinn var að nokkru leyti vanur við og undirbúinn fyrir hugmyndina um guðdómlegan frelsara opinberaðan hér og nú á jörðunni. Hversu ónog þessi hugmynd var út af fyrir sig, sést af því hvernig fór þegar hún fékk á sig þá mynd, að rómversku keisararnir voru gerðir að guðum. Einstaklingurinn, sem var meðlimur hins síðferðislega og mentunarlega samfélags, sem grísku menningin myndaði, fann til engrar andlegrar þarsar fyrir afdregna neikvæða eingyðistrú, heldur fyrir persónulegan guð, sem hann gat komið til í sínu eigin hjarta. Hetjutrú setti af stað hreyfingu, sem var grundvölluð á viðurkenningu hins guðdómlega í manninum, en sem endaði með því að bjóða manninum að finna guð, ekki í sínu eigin hjarta, heldur í persónuleika dauðlegs einstaklings eins og hann sjálfur var. Sú hugmynd, að slíkur maður væri guð opinberaður í heiminum, var ekki að eins villandi, það kom á daginn að hún varð fyrirlitleg. Samt sem áður reyndi rómversk stjórnvizka — og sú stjórnvizka, sem gat myndað og viðhaldið rómverska keisaraskinu, þarf engan annan vitnisburð en þann — að láta þessa hugmynd verða bœði að ytra sameiningar merki og innri sameiningar krafti rómverska ríkisins. Hugmyndin var ekki afleiðing stjórnkœnsku; og hún var eitthvað meira en afvega færð hetjutrúar guðfræði. Vér verðum, til þess að skilja hana, að bera í huga, að trúarbrögð ítolsku þjóðflokkanna voru á mjög lágu stigi áður en þeir komust undir áhrif annara þjóða; hinir